



Reykjavík, 18. júní 2024

USK24030076

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um upphituð biðskýli ásamt salernisaðstöðu á skiptistöð Strætó við Skúlagötu

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 6. mars 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að upphituðu biðskýli ásamt salernisaðstöðu fyrir farþega verði komið fyrir á fyrirhugaðri skiptistöð Strætó bs. við Skúlagötu. Þar verði einnig aðstaða til bleyjuskipta á ungbörnum.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar þann 13. mars 2024.

Umsögn:

Vinna er í gangi við gerð tímabundinnar endastöðvar fyrir nokkrar Strætóleiðir við Skúlagötu sem í daga hafa endastöð við Hlemm. Samkvæmt mati Strætó er ekki gert ráð fyrir að stöðin verði nýtt í miklu mæli sem skiptistöð. Að öllum líkindum verða færri skiptifarþegar á þessari endastöð miðað við Hlemm og einnig verða inn- og útstig mikið færri. Af þessum sökum er ekki gert ráð fyrir inniaðstöðu fyrir farþega. Þess í stað verða reist skýli fyrir farþegar og settar verða upp rauntímaupplýsingar um brottfarir frá stöðinni.

Verið er að skoða að koma fyrir upphituðum og lokuðum skýlum á nokkrum stöðum í borginni. Slíkar aðgerðir fela þó í sér breytingar á samningi um rekstur strætóskýla og kallar á hönnun og kaup á nýjum skýlum.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri



Reykjavík